

188. fundur fræðsluráðs Reykjanesbæjar haldinn mánudaginn 21, janúar 2008, kl.16.00 að Tjarnargötu 12. Vinnufundur um frumvörp til leik- og grunnskólalaga

Mættir voru: Garðar K. Vilhjálmsson, Guðný Ester Aðalsteinsdóttir, Einar Þ. Magnússon, og Brynja Lind Sævarsdóttir. Eiríkur Hermannsson fræðslustjóri ritaði fundargerð.

Dagskrá

##

1. Leikskólafrumvarp

Fræðsluráð Reykjanesbæjar fagnar framkomnu frumvarpi og telur það til bóta um flest. Þó vill ráðið leggja áherslu á að dregið verði úr þeim kröfum sem gerðar eru um mat og eftirlit með leikskólum, sbr. 17.-20. gr. Fræðsluráð telur að með gerð skólafélagssins sé nóg að gert við mat á skólafélagssins. Einnig er lagt til að samræmis verði gætt milli leik- og grunnskóla um kröfur sem gerðar eru til sérfræðisþjónustu. Fagnað er ákvæðum um samrekstur leik- grunn- og tónlistarskóla í einni stofnun undir stjórn eins skólafélags.

2. Grunnskólafrumvarp 285. mál

Fræðsluráð Reykjanesbæjar telur margt jákvætt við framkomið frumvarp en álitur það þó of stýrandi og ítarlegt um margt. Nauðsynlegt er að tryggja sveitarfélögum meira svigrúm um framkvæmd skólafélagsins. Þá er hvergi í frumvarpinu vikið að þeim kostnaði sem af því hlýst fyrir sveitarfélögin.

Ráðið vill sérstaklega gera athugasemdir við tvennt.

Um 8. gr.

Fræðsluráð Reykjanesbæjar telur framkomnar hugmyndir um skólafélagssins um margt skarast við hlutverk skólafélagsins. Ætla má að erfitt verði að manna slík ráð öðruvísi en að um launuð störf verði að ræða.

Um 31. gr.

Ekki er lagst gegn því að vettvangsferðir skuli að meginstefnu til vera gjaldfrjálsar sem hluti af skyldunámi en ákvæðið eins og það er fram sett stendur fjölbreytni í starfsemi skólanna fyrir þeim. Greinin er of heftandi t.d. þegar kemur að kostnaðarsömum ferðum eða jafnvel nemendasamskiptum við nágrannalönd. Hana þarf að umorða þannig að skólafélagssins sé heimilt í fullu samráði við foreldra að standa fyrir fjáröflun eða kostnaðarþátttöku foreldra innan hóflegra marka enda sé tryggt að enginn verði undanskilinn sökum knapps efnahags. Annars er hætt við að útivistar- og náttúruskoðunarferðir verði víða lagðar af og skólafélagssins verði af tækifærum til að byggja upp samstöðu og samkennd nemenda.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 17.30

*Garðar K. Vilhjálmsson formaður
Einar Þ. Magnússon
Guðný Ester Aðalsteinsdóttir
Brynja Lind Sævarsdóttir*